

1871.
15. apríl.

mælt, að gjaldið skuli goldið í peningum eptir meðalverði á hvoru um sig, fiski og lýsi, í verðlagsskrá hvers árs — en sumir þeirra hafa reiknað gjaldið eptir verðlagsskránni fyrir 1870—71, og aptur aðrir farið eptir verðlagsskránni fyrir 1869—70, — hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfi, dagsettu 10. f. m., farið þess á leit, að stjórnarráðið feli stiptsyfivöldunum á hendur, að tilkynna öllum þeim embættismönnum, er heimta saman þetta gjald, að reikna skuli gjaldið eptir þeirri verðlagsskrá, sem er í gildi 12. maí á því ári, án tillits til þess, að gjaldið sé heimtað saman á manntalsþingum, sem haldin eru eptir að hin nýja verðlagsskrá er búin að ná gildi, og veiti þeim myndugleika til, að samþykkja, er úrskurður fellur á reikninga yfir spítalagjöld fyrir árið 1869—70, þar sem gjaldið hefir verið talið eptir verðlagsskránni fyrir 1870—71, að hlutadeigandi reikningshaldarar eptir atvikum sé látnir vera ábyrgðarlausir um þetta.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og eptirbreytni, og svo þér auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á þessa uppástungu yðar.

15. apríl.

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um dýralækni í suðurumdæminu.¹

Sökum þess, að dýralæknir Snorri Jónsson, sem tekinn var til dýralæknis í suðurumdæminu fyrir tímann frá 1. septbr. f. á. til 30. apríl þ. á., hefir í þessari stöðu sinni gjört mjög mikið gagn, hafið þér, herra stiptamtmaður, álitid það æskilegt, að hann fengist til að dveljast að minnsta kosti eitt ár enn í suðurumdæminu, með því hann þá gæti rannsakað nákvæmlega hina skaðvænu bráðasótt meðal sauðfjárins, og mætti einnig leita til hans, ef skepnur syktist á annan hátt. Þaræð ástandi jafnaðarsjóðsins er svo varið, að hann mundi ekki geta staðizt kostnaðinn

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 117.

við þetta án tillags frá hinu opinbera, — en ætla má, að kostnaður þessi nemi 50 rd. um mánuðinn eða 600 rd. fyrir eitt ár —, hafið þér í bræfi 30. f. m. stungið uppá, að stjórnarráðið veiti yður myndugleika til, að taka Snorra Jónsson til dýralæknis í suðurumdæminu fyrir 1 ár frá 1. maí þ. á. með 600 rd. launum um árið, og að helminginn af þessu fæ megi greiða af þeirri upphæð, sem ætluð er til óvissra útgjalda á reikningsárinu 1871—72, gegn því, að hinn helmingurinn verði goldinn úr jafnaðarsjóðnum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að þó sá kostnaður, sem hér er um að ræða, að öllu leyti eptir eðli málsins gangi til sveitarþarfa, hefir stjórnarráðið samt enn fallið á uppástungu yðar fyrir eitt ár frá 1. í næsta mán., og skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógeta, að yður verði borgaðir til þessa 300 rd., 25 rd. á mánuði, af því fæ, sem veitt er með fjárhagsáætluninni fyrir reikningsárið 1871—72, 11. gr.

1871.

15. apríl.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenska bókmentafélags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

2. maí.

Um leið og vèr tilkynnum Deild hins íslenska bókmentafélags hér í bænnum, að stjórnarráðið hefir veitt félaginu 150 rd. styrk til að gefa út »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands,« og að í dag hefir verið hlutast til um, að fæ þetta verði greitt fèhirði deildarinnar, Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildar forstjóra og etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins, skal þess getið útaf bænarsskrá, þar sem félagið sækir um, að fá enn fremur 150 rd. styrk til að greiða þann kostnaðar auka, sem hlaut af II. bindi, 6. hepti tæðs safns, að stjórnarráðið sèr sèr eigi fært, að veita þetta.